

Skipulag Dalbrautarreits-norður

Akranesi 27. Nóvember 2024

Ég geri alvarlegar athugasemdir við þá skipulagstillögu sem nú liggur fyrir vegna Dalbrautarreits – norður.

Þann 30. 10. 2023 sendi ég inn athugasemdir vegna tillögu sem þá var til kynningar vegna sama skipulags og hér er til umfjöllunar, það eru mikil vonbrigði að það er ekkert tillit tekið til þeirra ábendinga sem þar komu fram í skipulaginu sem hér liggur fyrir.

Þegar hagsmunaaðilar senda inn erindi þar sem sett er fram ósk um viðræður þá sætir það furðu að ekkert svar berst frá skipulagsyfirvöldum annað en boð á almennan kynningarfund sem var gagnslaus þar sem enginn bæjarfulltrúi mætti á fundinn utan eins sem átti óvart erindi á bæjarskrifstofuna, í skipulagslýsingunni er talað um samráð við íbúa en ekkert slíkt samráð hefur átt sér stað.

Í skipulagstillögunni kemur fram að parhús næst Dalbraut verði fyrir mestum áhrifum af breytingunni og er mitt hús Dalbraut 45 sem verður fyrir mestum neikvæðum áhrifum frá Dalbraut 14 einkum vegna skuggavarps sem er óásættanlegt vor haust og vetur, auk þess er gólfkóti fyrstu hæðar um 90 cm. yfir gangstétt til að hindra innsýn í íbúðir, en hvað með innsýn í mitt hús frá Dalbraut 14 ekkert tillit er tekið til þess.

Í skipulaginu er ekkert tillit tekið til byggðamynsturs einnar hæðar sérbýla við Dalbraut, ég vil að húsin næst Dalbraut verði tvær hæðir í stað þriggja og samræmi verði á gólfkóta fyrstu hæðar og gólfkóta sérbýla handan götunnar

Töpuðu byggingamagni Dalbrautarmegin má án nokkurs vafa bæta við með hækkun Þjóðbrautarmegin en þá lendir skuggavarpið á þeim sem skapar það.

Ég tel líka að það þurfi að rannsaka áhrif af greftri á hús okkar vestanmegin götunnar en þau eru reist á súlum sem standa á mjúkleir sem er viðkvæmur fyrir raski.

Virðingarfyllt
Jón Bjarni Gíslason
Dalbraut 45